

Aðalfundur Hollvina Húna II 2019

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 20 júní kl 17:00, um borð í bátnum. Á fundinn mættu um 20 manns.

Fundarefni lögbundin aðalfundastörf og tillaga um félagsgjöld.

1. Formaður, Hjörleifur Einarsson, setti fundinn og kallaði eftir athugasemdum um lögmati fundarins. Slíkar komu ekki fram og taldist fundurinn því löglegur. Í framhaldinu var Ólafur Ásgeirsson kosinn fundarstjóri og Gylfi Guðmarsson fundarritari.
2. Formaður Hjörleifur Einarsson flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemina á síðasta ári. Hann byrjaði á að þakka öllum sjálfboðaliðum þeirra störf við það að halda bátnum í því góða ásigkomulagi sem hann er og ennfremur öllum vildarvinum Hollvinafélagsins þeirra stuðning. Hann lýsti því einnig yfir að hann gæfi ekki kost á sér til formennsku aftur. Báturinn fór snemma í slipp eða í nóvember 2017 og var í slipp fram í mars 2018. Aðalferð bátsins var til Færeyja sumarið 2018 og ennfremur 18 ferðir með skólabörn. Tuttugu aðrar ferðir voru farnar, þar af ein með með unglunga samkvæmt samningi við Akureyrarbæ og var gíst í Hrísey eina nótt. Valur Hólm flutti skýrslu yfir rekstur vélar og rafbúnaðar. Fram komu í máli hans ýmsar tölulegar upplýsingar um keyrslutíma aðal- og ljósavélar, olú- og smurólúeyðslu, ennfremur þær lagfæringar sem þurfti að fara í til að fullnægja kröfum á skoðunarskyldum búnaði. Þá flutti Þorsteinn Pétursson skýrslu viðhaldsnefndar, en umtalsverð viðgerð fór fram á skrokk skipsins s.l. vor og var Húni í slipp frá því í nóvember 2017 þar til í mars 2018.
3. Fjóla Stefánsdóttir lagði fram og skýrði reikninga félagsins. Telst reksturinn vera viðunandi.
4. Engar umræður voru um skýrslu formanns og reikninga og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.
5. Lagabreytingar. Engar tillögur að lagabreytingum komu fram.
6. Kosning stjórnar. Kjósa þurfti tvo aðalmenn og tvo til vara. Úr stjórn áttu að ganga Fjóla Stefánsdóttir og Gunnar B. Gestsson. Bæði gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og var það samþykkt. Þá fór fram kosning tveggja manna í varastjórn en úr varastjórn áttu að ganga Ingimar Tryggvason og Stefán B. Sigurðsson, en báðir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og var það samþykkt.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara. Kosnir voru Jón Berg og Sigfús Karlsson, til vara Ólafur Ásgeirsson.

8. Kosning formanns. Hjörleifur Einarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu, en Gunnar St. Gíslason gaf kost á sér til formanns. Gunnar var kosinn með öllum greiddum atkvæðum . Þá fóru fram kosningar í nefndir og ráð. Í kaffinefnd voru kjörin: Formaður Karl Kristjánsson, aðrir: Gunnar Árnason, Guðmundur Jónsson, Gunnar Friðriksson og Sigrún Sigurðardóttir. Í skötunefnd voru kjörin: Formaður Júlíus Jónsson , aðrir: Karl Steingrímsson, Páll Þorkelsson, Ingi Pétursson, Ellert Guðjónsson, Sigurður Bergþórsson og Þorsteinn Pétursson. Í uppstillinganefnd voru kjörin: Formaður: Konráð Alfreðsson, aðrir Níels Einarsson og Knútur Eiðsson. Í véla- og tækjanefnd voru kjörnir: Formaður: Valur Hólm Sigurjónsson, aðrir: Ingimar Tryggvason , Birgir Aðalsteinsson, Björn Sigmundsson, Óskar Árnason og Gunnar Gíslason. Í nefnd um viðhald báts: Formaður Jóhannes Kárason, aðrir: Gylfi Guðmarsson, Árni Antonsson, Gunnar B. Gestsson, Sigurður Benjamínsson, Sigtryggur Gíslason og Þorsteinn Pétursson
1. Önnur mál. Fram kom tillaga um árgjald kr 5000,- á félagsmann Greidd voru atkvæði um tillöguna og var hún samþykkt. Þorsteinn Pétursson þakkaði fráfarandi formanni fyrir hans formennsku og vonaði að til hans mætti leita í framtíðinni. Honum voru færð blóm í þakklætisskyni. Ennfremur sagði Þorsteinn að bætt hefði verið við björgunarvestum til að uppfylla kröfur. Hann var einnig beðinn að athuga með kostnað við að koma fyrir veltitank á bátnum.

Formaður þakkaði þeim sem létu af embættum fyrir samstarfið, hollvinum fyrir stuðninginn og sleit síðan fundi.

Fundarritari
Gylfi Guðmarsson.